# Aðalfundur Foreldrafélags Álftanesskóla

# Dagskrá fundarins:

- 1. Setning
- 2. Korning embættismanna fundarins, fundarstjóra og fundarritara.
- 3. Formaður flytur skýrslu stjórnar.
- 4. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins.
- 5. Umræður um skýrslu stjórnar og gjaldkera.
- 6. Lagabreytingar.
- 7. Kosning stjórnar foreldrafélags.
- 8. Kosning skoðunarmanna ársreikninga.
- 9. Kosning fulltrúa foreldra í foreldraráð.
- 10. Önnur mál
- 11. Fundarslit

## Fundargerð

- 1. 2. Formaður Foreldrafélagsins, Ingibjörg Steinunn Ingjaldsdóttir setur fund og biður um samþykki fundarmanna fyrir því að Kristín Fjóla Bergþórsdóttir verði fundarritari og Eyþór Eðvarðsson verði fundarstjóri. Samþykkt.
- 3. Formaður flytur skýrslu stjórnar. Engar athugasemdir.
- 4. Gjaldkeri Foreldrafélagsins, Bergþóra Birgisdóttir leggur fram, og fer yfir reikninga félagsins.
- 5. Fundarstjóri biður um athugasemdir við skýrslu og reikninga. Engar athugasemdir. Hvorutveggja skoðast því samþykkt.
- 6. Lagabreytingar:

Formaður leggur til breytinga á eftirfarandi greinum;

- 3. grein, 5. grein, 7. grein, 10. grein, 12. grein.
- 3. grein samþykkt með handauppréttingu. Enginn á móti.
- 5. grein samþykkt með handauppréttingu. Enginn á móti.
- 7. grein samþykkt með handauppréttingu. Enginn á móti.
- 10. grein samþykkt með handauppréttingu. Enginn á móti.
- 12. grein samþykkt með handauppréttingu. Enginn á móti.

Engar athugasemdir gerðar varðandi heildarbreytingar á lögum félagsins. Allar lagabreytingar samþykktar með handauppréttingu. Enginn á móti.

# 7. Kosning stjórnar Foreldrafélagsins:

Pessir stjórnarmenn gefa kost á sér til áframhaldandi starfa;
Ingibjörg Steinunn Ingjaldsdóttir, Birgitta Baldursdóttir, Jóhanna
Snorradóttir, Bergþóra Birgisdóttir og Friðþjófur Thorsteinsson Ruiz.
Fundarmenn samþykkja endurkjör þessara stjórnarmanna.
Einnig gefa kost á sér Luigi Bartolozzi og Guðrún Hanna Hilmarsdóttir.
Fundarmenn samþykkja kjör þeirra með handauppréttingu og klappi.
Út úr stjórn fara Vala Karen Guðmundsdóttir og Ingi Þór Þorgrímsson.

#### -Kaffihlé-

Varamenn í stjórn dregnir út:
Pórunn Kristjánsdóttir fulltrúi 2. bekkjar
Sigrún Jóhannsdóttir fulltrúi 3. bekkjar
Sveinborg Hauksdóttir fulltrúi 4. bekkjar
Rannveig Anna Guichardnaud fulltrúi 5. bekkjar
Kristín Fjóla Bergþórsdóttir fulltrúi 6. bekkjar
Anna Hafsteinsdóttir fulltrúi 7. bekkjar
Gissur Pálsson fulltrúi 8. bekkjar

Samþykkt með lófataki.

## 8. Kosning skoðunarmanna

Tómas Þorsteinsson gefur kost á sér til áframhaldandi starfa og fundurinn samþykkir hann. Einnig samþykkir fundurinn Birgi Óla Einarsson sem annan skoðunarmann reikninga.

 Kosning fulltrúa foreldra í foreldraráð:
 Skólastjóri, Sveinbjörn Markús Njálsson útskýrir hlutverk þess skv. grunnskólalögum;

Pessir fulltrúar gefa kost á sér til áframhaldandi starfa; Hjördís Jóna Gísladóttir, Jónína Ásgeirsdóttir og Una Birna Bjarnadóttir (sem áður var varamaður) Hugrún Valdimarsdóttir vill segja af sér. Fundur samþykkir það. Varamennirnir Karel Matthíasson og Sandra Berg Cepero gefa einnig kost á sér áfram. Fundur samþykkir það.

Einnig samþykkir fundurinn Eyþór Eðvarðsson sem þriðja varamann.

Allir aðal- og varafulltrúar samþykktir með lófataki.

#### 10. Önnur mál

- -Formaður félagsins minnir á bréf sem sent var til allra foreldra þar sem mælst var til að hver fjölskylda greiddi 1.000,- kr. í sjóð foreldrafélagsins til að kosta fyrirlesara o.fl.
- -Kristín Sigurleifsdóttir biður um orðið og lýsir áhyggjum sínum vegna "strætómála" á nesinu. Segir kerfið í núverandi mynd ekki þjóna börnum sem búa hér í hverfunum fjærst skólanum eins og á þyrfti að halda. Vill biðja fundinn að leggja fram áskorun um endurskoðun þessara mála. Fundarstjóri ber tillöguna upp til atkvæðagreiðslu. Samþykkt.
- -Kristín vill einnig að fundurinn sendi ályktun til samninganefnda kennara og launanefnda sveitafélaga og skori á þá aðila að ganga frá samningum sem fyrst svo að ekki komi til boðaðs verkfalls grunnskólakennara 20. sept. nk. Samþykkt.
- -Sveinbjörn upplýsir um stöðu Frístundar í verkfalli. Þ.e. ekki er hægt að taka inn skráningu á nýjum börnum, eða breyta skráningu á þeim sem fyrir eru, en þau mega mæta í þá skráningu sem þau hafa verið í fram til þessa. Einnig segir hann frá könnun sem gerð var á verðskrá síðdegisvistunar í öðrum skólum og sambærilegri könnun sem gerð var hér í Álftanesskóla. Verðskrár voru mjög mismunandi og kom Álftanesskóli frekar vel út nema hvað kaffigjald varðaði, þar sem það var hæst. Geta ber þess að síðdegiskaffi er 100 kr. á dag.

Einnig bendir hann á að hér er t.d. 1 starfsmaður á hver 10 börn á móti 1 starfsmanni á hver 20-25 börn annars staðar.

## -Fyrirspurnir um matarmál úr sal;

M.a. spurt um verð og gæði matarins og hvort næringarráðgjafi fylgist með því hvað boðið er uppá. Einnig spurt hvenær maturinn hafi verið boðinn út síðast, og hvort til standi að bjóða hann út aftur.

Sveinbjörn segir að næringarráðgjafi fylgist með matseðlinum og að ekki standi til að bjóða hann út aftur. Það hafi síðast verið gert fyrir 3-4 árum.

Fyrirspurn um það hvort ekki sé hægt að fá betri upplýsingar um það hvað sé í matinn á hverjum degi.

Sveinbjörn telur það ekki hægt þar sem það hleypi upp kostnaði.

Vitnað í leikskólann og talað um að þar liggi fyrir nákvæmur matseðill einn mánuð fram í tímann. Sveinbjörn svarar því til að þetta sé bara svona hérna.

Fundarstjóri stoppar umræðuna og telur að fundurinn geti ekki gert neitt í þessu máli.

Formaður segir einnig að ekki sé hægt að gera neitt meira í þessum matarmálum.

Kristín Fjóla bendir á að fundurinn hljóti að geta gert eitthvað í þessum málum eins og hinum þeim málum sem ákveðið var að senda ályktanir út af fyrr á fundinum.

Formaður leggur til að boðið verði upp á bæði litla og stóra skammta, þannig að allir fái nóg að borða. Líka þeir sem orðnir eru stærri og þurfi meira.

Ýmis dæmi og ábendingar úr sal um það að maturinn sé alls ekki nógu góður hér, og oft fái börnin ekki annað en pasta og brauð þó að annað sé gefið upp á matseðlinum. Fólk vill fá betri upplýsingar um það hvað er í matinn. Einnig fyrirspurn um það hvar endanlegur matsalur skólans eigi að vera. Ingunn Thors leggur fram fyrirspurn um það hve stór prósentutala af nemendum skólans nýti sér þessa þjónustu, og einnig spurningu um það hvort hægt sé að halda sér fund um málið, þar sem það sé greinilega mjög "stórt" og margir sem hafi skoðanir á því .

Formaður leggur til að foreldrar gefi kost á sér í nefnd til að athuga þessi mál.

Peir sem gefa kost á sér í þessa nefnd eru;

Jóhanna M. Diðriksdóttir S. 5653121

Berglind Ragnarsdóttir S. 5651866

Karel Matthiasson S. 5654967

Alda Lára Jóhannesdóttir S. 5650123

Kristín Fjóla Bergþórsdóttir S. 5550075

Kristján Sveinbjörnsson samþykkir að vera nefndinni innan handar 5. 5654330

Ákveðið að Kristín Fjóla kalli nefndina saman og boði til fundar.

Einnig var rætt hvort senda ætti ályktun frá fundi Foreldrafélagsins.

-Gissur Pálsson kemur með fyrirspurn um það hvort foreldrafélagið hafi leyfi til að nota húsnæði skólans ef til verkfalls grunnskólakennara kemur og bjóða upp á leikjanámskeið o.þh. á skólatíma. Hann vill fá að vita hvort foreldrar hafi aðgang að húsnæðinu og hvort fólk hafi áhuga á slíkri starfsemi.

Sveinbjörn svarar því að ekki fáist leyfi til þess að skipuleggja starfsemi í skólanum á þeim tíma og kennsla hefði annars átt að vera þar.

Hildur Ragnars bendir á að hægt væri að senda áskorun til félaganna í bænum um að leysa málin.

Formaður bendir á að hægt væri að stofna áhugahóp foreldra um þessi mál.

-Borin fram spurning um það hvort hægt sé að halda fund foreldrafélagsins í húsnæði skólans eftir tvær vikur, ef til verkfalls kemur.

Svar Sveinbjarnar; já.

-Kristín Sigurleifsdóttir biður aftur um orðið og lýsir áhyggjum sínum af innra starfi skólans. Hún vitnar í nýja skólastefnu Álftanesskóla þar sem talað er um breytingar á kennsluháttum, úr hefðbundnu námi í einstaklingsmiðað nám. Einnig vitnar hún í lög um blöndun í bekki og vill fá að vita hvernig standi á því að einn bekkur er minnstur í árgangi 5. bekkjar. Hún vill fá að vita hvernig hann varð til, og hvort öll börn í honum séu með einhverskonar greiningu.

Sveinbjörn svarar því til að hann geti ekki svarað því alfarið hvernig sá bekkur hafi orðið til, en m.a. sé það vegna húsnæðismála. Vill ekki svara því hvort allir í hópnum séu með greiningu eða ekki. Biður fólk að treysta skólayfirvöldum til þess að meta aðstæður hverju sinni. Segir að ekki sé um getuskiptingu að ræða.

-Laura Jakobsdóttir ber fram spurningu í tengslum við einstaklingsmiðað nám. Hún vill vita hvernig það virki þá í samræmdum prófum? Spyr hvort tekið sé tillit til þess að öll börnin hafi þá ekki náð að fara yfir sama námsefnið þegar kemur að þessum prófum og bendir á að börn séu oft dæmd út frá niðurstöðum þessara prófa.

Sveinbjörn vill ekki meina að samræmd próf þurfi að vera í neinu samhengi við skólastefnu í þessu sveitafélagi þar sem þetta séu eingöngu rannsóknapróf, og það skipti miklu máli að sem flestir taki þátt í rannsókninni. -Formaður beinir þeirrispurningu til Sveinbjarnar hvort "skólinn" leyfi nemendum að fara heim með námsbækurnar sínar á föstudaginn, þannig að foreldrar geti þá aðstoðað börnin við áframhaldandi nám, ef til verkfalls grunnskólakennara kemur.

Sveinbjörn svarar því til að kennarar hvorki hvetji, né letji nemendur til þess. Það verður að vera ósk foreldra.

Einnig kom fyrirspurn um það hvort kennarar gætu sent áætlanir heim með börnunum um áframhaldandi vinnu.

Það reynist ekki hægt þar sem það flokkast undir verkfallsbrot.

-Sveinbjörn vill benda á að vel sé hægt að halda annan fund/fræðsluerindi um einstaklingsmiðað nám í skólanum ef fólk hafi áhuga á því. Áhugi á þátttöku kannaður með handauppréttingu. Allur salurinn hefur áhuga á því. Málið liggur á borði stjórnar.

Fundi slitið kl. 22:03. Fundinn sátu 43 einstaklingar.

Kristín Fjóla Bergþórsdóttir, fundarritari.